

Lesi – skrifa – spjalla

Markmið:

- að nemendur muni það sem þeir lesa
- að víkka sjónarhorn nemenda á lesefnið
- að auka þekkingu nemenda og lesskilning

Kennsluaðferð: Innlögn, einstaklingsverkefni, samvinna nemenda

Texti: Fræðitexti

Gögn: Límmiðar, stílabók, skriffæri

Undirbúningur kennara; sýnikennsla, finna lestexta einn eða fleiri

Framkvæmd:

- Kennari eða nemendur texta hver fyrir sig, ákveðinn kafla sem kennarinn ákveður.
- Gert er hlé á lestrinum og nemendur beðnir um að hugsa um það sem verið lesið
- Nemendur punkta niður spurningar um efnið á minnismiða
- Haldið áfram að lesa á þennan hátt þar til kennarinn ákveður að lestri sé lokið
- Nemendur ræða viðfangsefnið við aðra sem hafa lesið sama kafla og skiptast á skoðunum og rifja þannig upp
- Nemendur rifja upp inntak textans og skrifa hjá sér
 - a. það þeim finnst mikilvægast að muna
 - b. hvernig samræður hjálpuðu þeim að skila það sem þeir lásu
 - c. spurningu ef einhverju er enn ósvarað

Að lesa, skrifa, spjalla

Leiðbeiningar um vinnu nemenda

Á meðan þú lest

- **Lestu** nokkrar setningar í einu
- **Hættu** lestrinum og **hugsaðu** um það sem þú hefur lesið
- **Skrifaðu** hugsanir þínar á minnismiða
- **Haltu áfram að lesa** kaflann á þennan hátt

Þegar þú ert búinn að lesa kaflann

- **Spjallaðu** við aðra um það sem þú hefur lesið
- **Rifjaðu upp** í huganum það sem kom fram í kaflanum
- **Rifjaðu upp** í huganum hvernig aðrir nemendur hjálpuðu þér að skilja það sem þú last
- **Skrifaðu** á minnismiða
 - a. það sem þér finnst mikilvægast að muna
 - b. spurningar, ef þér finnst eitthvað óljóst eða þarft að vita meira um efnið

